

BORGARRÁÐ 27. janúar 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ráðstöfun borgarinnar á lóð við Ægissíðu 102 til Festi - MSS22010309

Nú er búið að ráðstafa N1 bensínstöðvarreitnum á Ægissíðu til Festis. Samkvæmt fréttum þá er áætlað verðmæti þessarar 6.000 m² lóðar, 2 milljarðar króna. Reykjavíkurborg á lóðina og gat leyst þessa eign til sín eftir 5 ár. Lóðin er í flokki sem getur heimilað allt að 5 hæða hús. Íbúar hafa sagt að betra sé að nýta þessa lóð til að bæta innviði á svæðinu. Borgarstjóri hefur verið að svara fyrir málið en ennþá er margt óljóst í huga fulltrúa Flokks fólksins. Í ljós þess að um er að ræða mikla fjármuni þarf að vinna málið vel. Spurt er: Getur verið að verðmæti lóðarinnar sé 2 milljarðar og ef svo er af hverju er ekki beðið með lóðaúthlutun eftir að borgin hefur leyst lóðin til sín sem getur gerst eftir fimm ár?